

**Sp.**

## **16. Tillaga til þingsályktunar**

[15. mál]

um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd til að kanna, hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsagan útheimtir og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til að gegna því hlutverki á viðunandi hátt.

Hver þingflokkur nefnir einn fulltrúa í nefndina, en dómsmálaráðherra skipar að auki formann.

### **Greinargerð.**

Síðan sigur vannst í átökunum um 200 mílna efnahagslögsögu Íslands hefur Landhelgisgæslan neyðst til að draga verulega saman starfsemi sína. Stjórnmalá-  
mönnum hefur þótt nóg um hinn mikla kostnað við rekstur varðskipa og flugvéla, og sparnaðarhugmyndir hafa miskunnarlaust komið niður á gæslunni.

Tillaga þessi er flutt til að vara við þeirri þróun. Íslendingar hafa krafist og fengið yfirráð yfir hafsvæði sem er 758 þúsund ferkílómetrar — meira en sjö sinnum stærra en landið sjálft. Þessum yfirráðum fylgir sú ábyrgð að gæta svæðisins, rann-  
saka það og hagnýta. Frumatriði til að gegna þeirri skyldu er fullkomin land-  
helgisgæsla, og kostnað við hana verður þjóðin að bera, hvað sem tautar.

Enda þótt 200 mílna lögsagan hafi hlotið almenna viðurkenningu annarra þjóða er enn þá óútkljáð, hvernig línun verður dregin andspænis Grænlandi, Færeyjum og Rockall. Fram undan eru flóknir og langvarandi samningar við önnur ríki, bæði um línuna og hugsanlegar veiðar utan hennar, eins og við Grænland. Það mun veikja mjög málstað Íslands ef gæsla á þessum svæðum er ófullkomin. Verður það án efa til að ýta undir hugmyndir um að við ráðum ekki við alla þá lögsögu sem við höfum komist yfir.

Ýmislegt er að gerast og mun gerast á svæðum skammt utan við 200 mílna línuna sem Íslendingar verða að fylgjast með og vita um. Sovéskur floti hefur t. d. verið á kolmunnaveiðum utan 200 mílna, en á lögsögusvæði Norðmanna við Jan Mayen, og er mikilvægt að vita hvort þessi eða aðrir slikir flotar veiða loðnu. Þá er ekki síður nauðsynlegt fyrir Íslendinga að fylgjast með veiðum vestan við mið-  
línuna milli Íslands og Grænlands.

Hér verður ekki tíundað hvernig Landhelgisgæslan hefur starfað undanfarið, enda þótt blaðafregnir hafi skýrt svo frá, að selja eigi flugvél og skip, en ný þyrta komi í staðinn.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd til að kanna, í nánú samstarfi við yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsagan og 12 mílna landhelgin útheimti og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til að gegna því hlutverki á viðunandi hátt. Nefnd þessi þarf að vera bundin trúnaðarskyldu.